

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um  
aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

17. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „eigi skemmri tíma en fimm mánuði“ í 2. málsg. komi: eigi skemmri tíma en fjóra mánuði.
2. 3. málsg. orðist svo:

Frá 1. maí til 30. september 1973 greiði áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer), þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu. Enn fremur skal sýna vottorð Siglingamálastofnunarinnar um, að fullnægt sé kröfum hennar um öryggisbúnað samkvæmt nánari reglum. Heimilt er ráðherra að ákveða að loknu þessu reynslutímabili og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands, að fæðiskostnaður verði framvegis greiddur í samræmi við ákvæði þessarar greinar á tímabilinu 1. maí til 30. september.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í lok 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eigi eru með lögnum skert lífeyrisréttindi, sem áunnin eru fyrir gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. töluliður 5. gr. laganna breytist þannig:

Í stað „0.4%“ komi: 0.5%.

Að öðru leyti skal 1. töluliður 5. greinar vera óbreyttur.

## 2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist þannig:

Framlag ríkissjóðs, 50 milljónir ár hvert, í fyrsta sinn 1973.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Álagning iðnlánasjóðsgjalds skv. 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1973.

*Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Magnús Kjartansson.*